

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, miðvikudaginn 12. september 2012 kl. 16.30

Fundinn sátu: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Margrét Ólafsdóttir, Magnús Gauti Gautason, Áslaug Kristjánsdóttir og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.



Formaður bauð viðstadda velkomna og setti fundinn.

1. Ársreikningar 2011 og áætlanir 2013.

Þóra hefur lagt mikla vinnu í að reka á eftir félögunum að skila ársreikningum og áætlunum. Þó að vanti enn frá einhverjum verður þeim sem komnir eru skilað til ÍRA á morgun.

2. Kynningarbæklingur ÍBA.

Rætt var um endurnýjaðan kynningarbækling m.a. til dreifingar á nýbúakynningu í Rósenborg.

3. Fyrirlestrar í sept – okt.

Ræddar voru hugmyndir um fyrirlestra á málþing með a.m.k. 3 fyrirlestrum sem yrði opið fyrir alla, en sérstaklega þjálfara aðildafélaga ÍBA. Efni yrði m.a. um æfingaálag barna og unglinga. Búið er að ræða við Sonju Sif Jóhannsdóttur en æskilegt er að fá til viðbótar aðkomna aðila. Haukur tók að sér að vinna málið áfram.

4. Önnur mál.

Bréf hefur borist frá Rannsóknnum og Greiningu, með boði um að sérvinna skýrslu sem ÍBA gæti síðan fengið í heild sinni.

Svar hefur borist frá Akureyrarbæ um aðstöðu fyrir Brettadeild SKA á bak við Skautahöllina. Ekkert verður gert í bili en málið verður tekið upp við Fasteignir Akureyrarbæjar.

Annað bréf hefur borist um aðstöðu til iðkunar og úrbætur á gólfi í Glerárskóla. Fram kom að úrbætur liggja fyrir. Varðandi stillingu á hæð á körfum er það mál í skoðun. Einnig um aðstöðu fyrir Dansdeild Akurs, sem er enn í skoðun.

Nýr samningur um flugfargjöld barst frá Flugfélagi Íslands.

Bréf barst frá ÍSÍ tengt umræðum innvígslumál.

Rætt var um bréf sent frá stjórn til ÍRA með hugmyndum um að halda alþjóðlegt mót unglinga 15-16 ára, þar sem keppt yrði í nokkrum íþróttum.

Bæklingur barst frá Menntamálaráðuneyti um Ábyrgð aðlila sem standa fyrir tómstundastarfi fyrir börn og unglinga.

Pröstur hafði samband við Jón Hjaltason um ritun Íþróttasögu Akureyrarbæjar. Stjórn var sammála um að halda áfram með málið og ákveðið að sækja um menningarstyrk frá KEA til að koma því af stað. Pröstur myndi fá Jón til þess að fara af stað með það.

Sundfélagið Óðinn á 50 mára afmæli í dag og verður afmælis dagskrá á laugardaginn. Rætt var um og ákveðið með gjöf til félagsins frá ÍBA.

Rædd voru mál Íþróttafélagsins Hamars og ákveðið var að senda áminningu í tölvupósti.

Bæklingur hefur borist frá Skóladeild varðandi samfelld skóla- og íþróttastarf. Málið verður kynnt nánar á næsta fundi.

Boð barst frá Landssambandi hestamanna um að ÍBA sendi fulltrúa á Landsþing sambandsins í Reykjavík.

Pröstur sagði frá stuttum fundi með formanni ÍRA og framkvæmdastjóra Samfélags- og mannréttindadeildar um stöðu aðildarfélaganna og greindi frá möguleikum sem ræddir voru t.d. varðandi húsnæðismál. Einnig var rædd hugmynd, sem stjórn var sammála, um að sent yrði bréf til aðildafélaganna sem byði þeim að tilgreina hverju væri ábótavant til að hægt sé að rækta starfsemina betur. Svörin gætu aðstoðað við að skipuleggja og forgangsraða aðgerðir til úrbóta.

Rætt var um fundardaga stjórnar og ákveðið að stefna að því að hafa þá fyrsta mánudag í mánuði kl.16.30 og oftár ef þörf krefði.

Fundi var slitið kl. 17.30